

Stórhólsvegur 1. 1950.

(Landnúmer: 151722 Fastanúmer: 2155243) 95,0 m²

(Landnúmer: 151722 Fastanúmer: 2155242)

(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986).

Útveggir úr steinsteypu, efsta plata úr timbri. Járnlætt valmaþak. Gólf, milliplata, stigar og skilveggir úr steinsteypu. Neðri hæð skipt í 8 hólf auk uppgöngu á efri hæð. Efri hæð skipt með steinsteypu og timbur skilrúmum í 8 hólf. Stærð: 10,00 x 5,70 x 5,80 og 8,50 x 4,50 x 5,80. Alls 190,5 m². og 552,4 m³.

Stutt saga húss:

Stórhólsvegur 1 er byggt af Byggingarfélagi verkamanna 1949-50. Þangað flutti inn á efri hæðina þau hjónin Ragnar Jónsson og Steinunn Sigurðardóttir en á neðri hæðina hjónin Þorsteinn Kristinsson og Kristín Ásgeirsdóttir. Húsið er í fúnkis-stíl og teiknað af Halldóri Halldórssyni. Útveggir eru úr steinsteypu, efsta plata úr timbri. Járnlætt valmaþak. Gólf, milliplata, stigar og skilveggir úr steinsteypu. Ragnar og Steinunn bjuggu á efri hæð hússins allan sinn búskap, og Steinunn eftir að Ragnar dó, 1996 og býr hún þar enn. Þorsteinn og Kristín bjuggu á neðri hæðinni til 1975 og seldu þá Torfa Jónssyni og Guðbjörgu Hjaltadóttur hæðina. Eftir fráfall Torfa bjó Guðbjörg áfram með börn sín í húsinu. Núverandi eigandi neðri hæðarinnar er Jón Arnar Helgason.



Athugasemd um húsið:

Húsinu hefur verið vel viðhaldið. Austurhlið þess var nýlega einangruð að utan og klædd steni-plötum. Að öðru leyti hefur húsið lítið breyst. Húsið er hluti af heild sem talin er varðveisluverð. Æskilegt er að í framtíðinni taki endurbætur á húsinu með af upprunalegri gerð þess.



Athugasemd um umhverfi húss:

Stærð lóðar er 725,0 m². í eigu Dalvíkurbyggðar. Húsið stendur á hornlóð við Bjarkarbraut og Stórhólsveg. Malar bílaplan er norðan við húsið. Steypt stétt liggur frá plani meðfram húsinu að vestan að inngangi á neðri hæð og áfram að steyptum tröppum að inngangi á efri hæð. Uppgangur á efri hæð er innan húss, öfugt við flest húsin frá svipuðum tíma þarna við götuna. Sólfallur er sunnan við húsið og skjólveggur úr timbri við hann. Reynitré er sunnan húss.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1950	Byggingarfélagi verkamanna	
Efri hæð		
1950-1996	Ragnar Jónsson	Sigurður (1943)
-2012	Steinunn Sigurðardóttir	Elín Rósa (1950)
1950-1978	Sigurður Sigtryggsson	
-1956	Dagbjört Björnsdóttir	

2006	Sigurpáll Steinar Kristinsson Elín Rósa Ragnarsdóttir	Berglins (1968)
Neðri hæð 1950-1975 -	Þorsteinn Kristinsson Kristín Ásgeirsdóttir	Ásgeir (1950)
1950-1955	Jónatan Kristinsson	
1965-1967	Anna María Sveinsdóttir	
1975-1983 1983-2002	Torfi Jónsson Guðbjörg Hjaltadóttir	Hjalti Ben Ágústsson (1963) Lilja Guðlaug (1972) Sveinn Arndal (1977)
1984-1985	Júlíus Magnússon Elfa Björk Vigfúsdóttir	Egill Örn (1983)
2000-2002 2000-2002	Lilja Guðlaug Torfadóttir Sveinn Arndal Torfason	
2002-2008	Ólafur Ingi Steinarsson Dagbjört Sigurpálsdóttir	
2008-2008	Jón Kristján Arngrímsson	
2008	Jón Arnar Helgason	

Stórhólsvegur 4. 1948.

(Landnúmer: 151724 Fastanúmer: 2155245)

Fundargerð 22. maí 1948:

Bréf frá stjórn Byggingarfélagi verkamanna þar sem félagið sækir um byggingarleyfi fyrir 4 einbýlishús á lóðunum nr. 13 og 15 við Bjarkarbraut, nr. 8 við Goðabraut og nr. 4 við Stórhólsveg, öll eftir sömu teikningu og lá hún fyrir, þá kom fram að stjórn B.V. hafði hugsað sér smá breytingar á uppdrættinum. Samþykkt á fundi þann 14. sept. með áörnum breytingum.



Stutt saga húss:

Stórhólsvegur 4 er eitt af 4 húsum sem Byggingarfélag verkamanna sótti um byggingarleyfi fyrir í maí 1948. Hinar voru lóðir nr. 13 og 15 við Bjarkarbraut, nr. 8 við Goðabraut öll eftir sömu teikningu. Það var svo Þorsteinn Þorsteinsson sem tók við byggingu hússins eftir að leyfi fékkst til framkvæmda. Húsið er í fúnkis-stíl og teiknað af Halldóri Halldórssyni, teiknara. Útveggir eru úr steinsteypu, efsta plata úr timbri. Járnlætt valmaþak. Gólf, milliplata, stigar og skilveggir úr steinsteypu. Neðri hæð skipt í 8 hólf auk uppgöngu á efri hæð. Efri hæð skipt með steinsteypu og timbur skilrúmunum í 8 hólf. Þorsteinn bjó í húsinu til æviloka ásamt kona hans Áslaug Jónsdóttir. Á árunum frá 1961 til 1978 var skrifstofa byggingafulltrúa Dalvíkur rekin á neðri hæð Stórhólsvegar 4. Eftir að Þorsteinn dó 1986 bjó Áslaug áfram í húsinu en seldi það sonarsyni sínum, Þorsteini Hólmi Stefánssyni og konu hans Jóhönnu Elínu Sveinbergsdóttur. Þorsteinn og Elín áttu húsið þangað til þau fluttu í Jarðbrú í Svarfaðardal 1988 og létu húsið í skiptum og þá eignast Margrét Ásgeirsdóttir það og átti hún Stórhólsveg 4 til 1991 og seldi þá Pálma Guðmundssyni sem á húsið til 1996 þegar hann seldi Jóni Grétarssyni og Öldu Ósk Jónsdóttur húsið. Núverandi eigendur, Víkingur Arnar Árnason og Kolbrún Gunnarsdóttir, eignast húsið 1998.

Athugasemd um húsið:

Húsið hefur ekki breyst mikið hið ytra. Búið er að skipta um gler í því en gluggasetning er óbreytt. Farið var í viðgerðir á þaki rétt um 2000, það eingrað upp á nýtt og skipt um járn. Múrpípan var brotin niður og járnið var látið ganga út fyrir steypu þakrennurnar sem voru og settar nýjar rennur á þakkantinn. Húsið er hluti af heild sem talin er varðveisluverð. Æskilegt er að í framtíðinni taki endurbætur á húsinu með af upprunalegri gerð þess.

Athugasemd um umhverfi húss:

Stærð lóðar er 662,5 m². Í eigu Dalvíkurbyggðar. Húsið stendur á hornlóð við Bjarkarbraut og Stórhólsvegar. Malar bílastæði er norðan húss og steypst gangstétt frá því austan húss að inngangi á neðri hæð og áfram að útitröppum á efri hæð. Steypstur sólpallur er sunnan húss og um hann er skjólveggur úr timbri. Skjólgirði er á lóðarmörkum að sunnan, austan og vestan. Garðurinn er fallegur og ræktarlegur með blómareytum og trjám.



Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1948-1986 - 1988	Þorsteinn Þorsteinsson Áslaug Jónsdóttir	Stefán Hólm. (1942)
1953-1955	Finnur Bergsveinsson Anna Bergsveinsson	
1953?-1954	Ármann Sigurðsson (Urðum)	
1956-1960	Gunnar Þ. Jónsson Ásta Sveinbjörnsdóttir	Valgerður (1955) Jóhann (1958)
1962-1965	Stefán Hólm Þorsteinsson Guðný Aðalsteinsdóttir	Þorsteinn Hólm (1962) Einar Hólm (1965) Guðni Hólm (1968)
1960-1961	Sigríður M Jónsdóttir Jóhanna S Halldórsdóttir	Jón Emil Ágústsson (1954)
1980-1988	Þorsteinn Hólm Stefánsson Jóhanna Elín Sveinbergsdóttir	Guðný Hólm (1979) Björk Hólm (1987)
1988-1991	Margrét Ásgeirsdóttir	Jóhann Baldur Arngrímsson (1985) Sigrún Ása Arngrímsdóttir (1988)
1988-1991	Júlíus Garðar Júlíusson Gréta Guðleif Arngrímsdóttir	Júlía Margrét Rúnarsdóttir (1988)
1988-1991	María Arngrímsdóttir	
1991-1996	Pálmi Guðmundsson	
1996-1998	Jón Grétarsson Alda Ósk Jónsdóttir	
1998	Víkingur Arnar Árnason Kolbrún Gunnarsdóttir	

Stórhólsvegur 9. 1938 Grímsnes

Landnr: 151729

Fastanr: 215-5253

Grímsnes, gömul jörð á Látraströnd, fór í eyði 1938. Síðustu ábúendur: Jón Halldórsson og Elín Gísladóttir. Eigandi: Grýtubakkahreppur.

(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986)

Eigandi Aðalrós Björnsdóttir. Neðri hæð úr steinsteypu, efrihæð úr timbri, klædd járn. Risþak 1,0 m hátt klætt járn. Gólf og skilrúm neðri hæð úr steinsteypu, annað úr timdri. Timburstigi. Neðri hæð skipt í 6 herbergi, forstofu og gang með uppgöngu á 2. hæð. Önnur hæð skipt í 5 herbergi og gang. Stærð: 9,85 x 6,40 x 5,30 og 2,20 x 4,55 x 5,30.

Alls 117,9 m² og 312,5 m³.

Stutt saga hússins:

Húsið Grímsnes er upphaflega byggt á Grímsnesi á Látraströnd einhvern tíman upp úr aldamótunum 1900. Þar bjuggu um tíma Jón Halldórsson og Elín Gísladóttir ásamt syni þeirra Steingrími og konu hans Aðalrós Björnsdóttur. Árið 1938 tóku þau sig upp frá Látraströnd og flytja til Dalvíkur með allt sitt hafurtask og húsið með. Það var sett á fleka eða pramma og því fleytt yfir fjörðinn til Dalvíkur. Húsinu var valinn staður í túninu norðan við Bjarnastaði. Fólkið flýst um stundarsakir inn í Bergþórshvol á meðan steypur er kjallari undir húsið og það síðan reist þar ofaná sem það stendur enn þann dag í dag. Húsið er úr timbri, klætt með bárujárn á þremur hliðum en hömruðu, sléttu járn á austurhlið og er það einangrað með reiðingi. Það hefur haldið útliti sínu og engar breytingar gerðar á því utanhúss utan að skipt var um glugga í því 1964. Halldór Jónsson mublusmiður á Akureyri, bróðir Steingríms Jónssonar smíðaði gluggana.

Athugasemd um húsið:

Grímsnes stendur nokkuð á skjön í skipulaginu, er hvorki í húsalínu við önnur hús í götunni né snýr eins og þau, enda stóð það lengi eitt út af fyrir sig áður en farið var að skipuleggja Stórhólsveginn. Húsinu hefur verið vel við haldið og er nú í eigu Jóns Eyfjörð sonar Steingríms Jónssonar sem flutti það á sínum tíma.

Athugasemd um umhverfi húss:

Stærð lóðar er 552,0 m² í eigu Dalvíkurbyggðar. Lóðin er ógirt og nokkuð aðþrengd á alla kanta. Húsið stendur ekki beinlínis við neina götu. Malarplan er fram við götu sem tilheyrir lóðinni. Steypt stétt er norðan og austan við húsið. Blómabeð meðfram húsinu að austan og sunnan. Runnagróður á lóðarmörkum að vestan.



Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1938-19?? 1938-1955	Jón Halldórsson Elín Gísladóttir	
1938-1972 -1991	Steingrímur Jónsson Aðalrós Björnsdóttir	María (1934) Jón Eyfjörð (1950)
1959-1964	María Steingrímisdóttir	Þóra Rósa Geirsdóttir (1953) Elín Gísladóttir (1961)
1966-	Aðalrós Björnsdóttir	
1992	Jón Eyfjörð Steingrímsson	